



Reglugerð um kjör íþróttamanns Dalvíkurbyggðar

1. gr.

Íþróttafélög í Dalvíkurbyggð skili til íþróttá-, og æskulýðsráðs rökstuddum tilnefningum fyrir 1. desember ár hvert á þar til gerðu formi. Hægt verður að skila inn afrekum sem vinnast aukalega eftir skilafrest til og með 31. desember.

Félögum er heimilt að tilnefna einn einstakling fyrir hverja grein íþróttar sem stunduð er hjá viðkomandi félagi.

Komi til að tilnefnt verði fleiri en einn aðili fyrir sömu grein, skal sá sem hlýtur fleiri atkvæði valnefndar og úr rafrænni kosningu vera íþróttamaður þess greinar.

Komi ábendingar og rökstuðningur til ráðsins fyrir 31. desember frá öðrum félögum en félögum í Dalvíkurbyggð er Íþróttá- og æskulýðsráði heimilt að tilnefna ef ástæða þykir til. Einnig getur íþróttá- og æskulýðsráð ákveðið einhliða að tilnefna aðila ef ástæða þykir til.

2. gr.

Íþróttamaður Dalvíkurbyggðar getur aðeins sá orðið sem stundar íþróttir með félagi sem starfar í Dalvíkurbyggð, eða hefur lögheimili í Dalvíkurbyggð en stundar íþrótt sína utan Dalvíkurbyggðar. Viðkomandi þarf að hafa náð 15 ára aldri á því ári sem tilnefnt er fyrir.

3. gr.

Kosning fer fram í rafrænni íbúakosningu 30% á móti atkvæðum íþróttá- og æskulýðsráðs, aðal og varamanna, 70%. Kosning skal hefjast eins fljótt og auðið er í upphafi árs. Sviðsstjóri og íþróttá- og æskulýðsfulltrúi halda hjá sér niðurstöðu fram að lýsingu á kjöri íþróttamanns Dalvíkurbyggðar

4. gr.

Tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu en kjörinn Íþróttamaður Dalvíkurbyggðar hlýtur eignarbikar ásamt farandgrip sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

5. gr.

Afhending viðurkenninga og tilkynning á vali Íþróttamanns Dalvíkurbyggðar skal alla jafna fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

Samþykkt í íþróttá- og æskulýðsráði þann 8. mars 2022.

Staðfest í sveitarstjórn 22. mars 2022.